

## GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Rangárvallahreppi árið 2001.

### 1. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 344/1987 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 2001, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	kr.
a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli m.v. 1 poka á viku	8.093
b) Íbúðir í dreifbýli, þar sem pokahirða er ekki	4.047
c) Sumarhús	2.698
d) Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margf. í gámum)	8.093
e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald (aðgang að sorphaugum)	30.286
(annast sjálf leigu gáma og flutning á urðunarstað)	
Gjald dagar eru sömu og fasteignagjalda.	

### 2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps þann 14. nóvember 2000 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengun-  
arvarnir og gildir fyrir árið 2001. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þann 28. nóvember 2000.

*Hellu, 7. desember 2000.*

F.h. hreppsnefndar Rangárvallahrepps,  
**Guðmundur Ingi Gunnlaugsson** sveitarstjóri.

19. desember 2000

Nr. 930

## REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollnúmer:</i>		kg	%	kr./stk.
0602.2000 Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti	01.01.-31.12.01	ótilgr.	30	0
0602.3000 Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.01	ótilgr.	30	0
0602.4000 Rósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.01	ótilgr.	30	0
<i>Annað:</i>				
0602.9030 Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.01.-31.12.01	ótilgr.	30	0